



## Tillögur um breytingar á samþykktum Vátryggingafélags Íslands hf.

Lagðar fram á hluthafafundi 16. mars 2016

Lagt er til að eftirfarandi ákvæðum í samþykktum félagsins verði breytt og þær hljóði svo eftir breytingu:

### 3. gr. Hlutfé

Hlutfé félagsins er 2.296.436.567 – tveir milljarðar tvö hundruð níutíu og sex milljónir fjögur hundruð þrjátíu og sex þúsund og fimmhundruð sextíu og sjö krónur – og skiptist í jafnmarga hluti.

#### Greinargerð:

Vegna samþykkis aðalfundar VÍS, haldinn 16. mars 2016, á hlutfjárlækkun í félaginu er lagt til að orðalagi 1. mgr. 3. gr. verði breytt til samræmis og orðist með framangreindum hætti.

### 4. gr. Hækkun og lækkun hlutfjár (efni áður í annarri grein og nýtt heiti greinar)

Hluthafafundur einn getur ákveðið hækkun hlutfjár, hvort heldur er með áskrift nýrra hluta eða útgáfu jöfnunarhluta. Hluthafar hafa forgangsrétt að aukningarhlutum í hlutfalli við hlutfjáreign sína.

Hluthafafundur einn getur ákveðið lækkun hlutfjár. Þarf þá til sama magn atkvæða og til breytinga á samþykktum þessum.

#### Greinargerð:

Lagt er til að ákvæði um forgangsrétt hluthafa verði færð úr 7. gr. í 4. gr. Þá er lagt til á fellt verði úr samþykktum ákvæði um að lækkun hlutfjár sé háð samþykki Fjármálaeftirlitsins, þar sem þessi skylda fellur niður með nýjum lögum um vátryggingastarfsemi.

### 5. gr. Hlutabréf og hlutaskrá (áður 4. gr.)

Hlutabréf félagsins eru gefin út með rafrænum hætti samkvæmt ákvæðum laga um rafræna eignarskráningu verðbréfa.

Eignarskráning að hlut í verðbréfamiðstöð í samræmi við ákvæði laga um rafræna eignarskráningu verðbréfa veitir skráðum eiganda hans lögformlega heimild fyrir þeim réttindum sem hann er skráður eigandi að og skal gagnvart félaginu skoðast sem fullgild sönnun fyrir eignarrétti að hlutum í félaginu.

Sá sem eignast hlut í félaginu getur ekki beitt réttindum sínum sem hluthafi nema nafn hans hafi verið skráð í hlutaskrá eða hann hafi tilkynnt og fært sönnur á eign sína á hlutum.

Skal arður á hverjum tíma, svo og tilkynningar allar, sendast til þess aðila sem á hverjum tíma er skráður eigandi viðkomandi hlutabréfa í hlutaskrá félagsins.

#### Greinargerð:

Lagt er til að breyta orðalagi 2. mgr. ákvæðisins þannig að efni þess verði orðað í samræmi við 16. gr. laga nr. 131/1997 um rafræna eignarskráningu verðbréfa.

### 6. gr. Hlutir í félaginu (efni áður í öðrum greinum og nýtt heiti greinar)

Engar hömlur eru með viðskipti með hluti í félaginu umfram það sem fram kemur í samþykktum þessum eða leiðir af lögum. Um eigendaskipti og framkvæmd þeirra fer eftir lögum um rafræna eignarskráningu verðbréfa og reglna sem settar eru á grundvelli þeirra.

Engin sérréttindi fylgja hlutum í félaginu. Félagið má eigi veita lán út á hluti í félaginu.

Greinargerð:

Breytingin þarfnast ekki skýringa.

**7. gr. Eigin hlutir (efni að hluta í öðrum greinum áður og nýtt heiti greinar)**

Félaginu er heimilt að kaupa og eiga eigin hluti að því marki sem lög heimila. Eigin hluti getur félagið aðeins eignast samkvæmt heimild hluthafafundar til handa stjórn. Skal slík heimild eigi veitt til lengri tíma en 18 mánaða hverju sinni.

Óheimilt er að neyta atkvæðisréttar fyrir þá hluti sem félagið á sjálft.

Greinargerð:

Breytingin þarfnast ekki skýringa.

**8. gr. Réttindi og skyldur hluthafa (ný grein)**

Hluthafar eru skyldir, án nokkurrar sérstakrar skuldbindingar af þeirra hálfu, að lúta samþykktum félagsins eins og þær eru nú eða síðar kann að verða breytt á lögmætan hátt. Hluthafar verða ekki, hvorki með félagssamþykktum né breytingum á þeim, skyldaðir til að auka hlutafjäreign sína í félaginu og eigi heldur að sæta innlausn á hlutum sínum nema til komi heimild samkvæmt lögum. Hluthafar bera eigi ábyrgð á skuldbindingum félagsins fram yfir hlut sinn í félaginu, nema þeir hafi sérstaklega tekist slíka skuldbindingu á hendur.

Greinargerð:

Breytingin þarfnast ekki skýringa.

**9. gr. Samskipti við hluthafa (ný grein)**

Heimil er notkun rafrænna skjalasamskipta og rafpósts í samskiptum milli félagsins og hluthafa í stað þess að senda eða leggja fram skjöl rituð á pappír. Nær heimildin til hvers kyns samskipta milli félagsins og hluthafa svo sem um boðun hluthafafunda, greiðslu arðs eða annarra tilkynninga sem félagsstjórn ákveður að send skuli hluthöfum. Eru slík rafræn samskipti jafngild samskiptum rituðum á pappír. Skal stjórn setja reglur um framkvæmd rafrænna samskipta og þær kröfur sem gerðar eru til hugbúnaðar sem skal vera hluthöfum aðgengilegur. Þeir hluthafar sem hyggjast nýta sér rafræn samskipti við félagið með þessum hætti skulu staðfesta það í samræmi við þær reglur sem stjórn setur.

Greinargerð:

Breytingin þarfnast ekki skýringa.

**III. Kafli**  
**Stjórnskipulag**

**10. gr. Stjórnskipulag félagsins (ný grein)**

Með stjórnun félagsins fara:

1. Hluthafafundir.
2. Stjórn félagsins.
3. Forstjóri.

Greinargerð:

Breytingin þarfnast ekki skýringa.

## 11. gr. Réttur til fundarsetu (áður 8. gr.)

Æðsta vald í öllum málefnum félagsins, með þeim takmörkunum sem landslög og samþykktir þessar setja, er í höndum lögmætra hluthafafunda.

### Greinargerð:

Orðinu „félagsins“ er bætt við 1. mgr. ákvæðisins á eftir .. öllum málefnum.. Annað er óbreytt og ekki eru lagðar til breytingar á 2. og 3. mgr.

## 19. gr. Stjórnarkjör (áður 15. gr.)

Stjórn félagsins skipa fimm menn og tveir til vara. Stjórnarmenn skulu fullnægja þeim skilyrðum sem kveðið er á um í hlutafélagalögum og lögum um váttryggingastarfsemi.

Hluthafafundur kys stjórn með hlutfallskosningu milli einstaklinga og skal kjörtímabil stjórnar vera til næsta aðalfundar. Stjórnarkjör skal jafnan vera skriflegt ef tillögur koma fram um fleiri stjórnarmenn en kjósa skal.

Gæta skal þess að kynjahlutfall í stjórn og varastjórn sé sem jafnast og að hlutfall hvors kyns sé aldrei lægra en 40%.

Þeir sem hyggjast gefa kost á sér til stjórnarkjörs skulu tilkynna stjórn um framboð sitt skemmst fimm dögum fyrir hluthafafund á þar til gerðu eyðublaði. Stjórn skal fara yfir framboðstilkynningar og gefa hlutaðeigandi með sannanlegum hætti kost á því að bæta úr þeim göllum sem eru á tilkynningunni innan tiltekens frests. Upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar skulu lagðar fram hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins eigi síðar en tveimur dögum fyrir hluthafafund.

Ef ljóst er fimm dögum fyrir hluthafafund að komandi stjórn mun ekki uppfylla skilyrði um kynjahlutföll samkvæmt 3. mgr. 19. gr. samþykta þessa er sitjandi stjórn heimilt að leita eftir framboðum einstaklinga af því kyni sem hallar á. Hafi frambjóðendur af því kyni sem hallar á ekki boðið sig fram tveimur dögum fyrir hluthafafund skal stjórn boða til framhaldsfundar 3-4 vikum eftir hluthafafund og auglýsa að nýju eftir framboðum. Skal boða til framhaldsfundar svo oft sem þörf krefur til þess að ná kynjahlutfalli skv. 3. mgr. 19. gr. og skal stjórn sitja þar til slíku kynjahlutfalli er náð.

Náist kynjahlutföll 3. mgr. 19. gr. ekki við stjórnarkjör telst kosningin í aðal- eða varastjórn ógild. Endurtaka skal stjórnarkjör á sama hluthafafundi þegar ljóst er að niðurstöður stjórnarkjörsins eru ófullnægjandi. Náist niðurstaða ekki eftir endurtekna kosningar skal fresta stjórnarkjöri til framhaldsfundar sem haldinn skal innan mánaðar og auglýstur sérstaklega með sama hætti og hluthafafundir. Starfandi stjórn félagsins situr áfram þar til lögmæt kosning fer fram.

### Greinargerð:

Gerð er tillaga um að í 2. mgr. greinarinnar sé tiltekið að stjórn skuli kosin með hlutfallskosningu *milli einstaklinga* og skal kjörtímabil stjórnar vera til *næsta aðalfundar*. eru þessar breytingartillögur í samræmi við 4. og 8. mgr. 63. gr. hfl.

Í 1. mgr. 63. gr. hfl. segir að í stjórnnum hlutafélaga þar sem starfa fleiri en 50 starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli skuli hvort kyn eiga fulltrúa í stjórn þegar stjórn er skipuð þrem mönnum. Í þeim tilvikum þegar stjórnarmenn eru fleiri en þrír skal tryggt að hlutfall hvors kyns sé ekki lægra en 40%. Sama gildir um kynjahlutföll meðal varamanna. Hlutföll í stjórn og varastjórn skulu jafnframt vera sem jöfnust.

Sé kosning hluthafafundar á stjórnarmönnum ekki í samræmi við framangreint ákvæði hlutafélagalaga má samkvæmt ákvæðinu samþykkja nauðsynlegar breytingar með nýrri ákvörðun hluthafafundar. Nauðsynlegt er að kveða á um heimild til slíkrar ákvörðunartöku í samþykktum félaga, sbr. 1. mgr. 63. gr. hfl.

Ákvæði 6. mgr. 15. gr. núgildandi samþykta VÍS er ætlað að fullnægja áskilnaði 1. mgr. 63. gr. hfl. Ákvæðið felur í sér að uppfylli kosning hlutafundar á stjórnarmönnum ekki áskilnað laga og samþykta

félagsins, skuli sá stjórnarmaður er kjör hlaut en fékk fæst atkvæði þeirra sem náðu kjöri víkja. Í stað þess stjórnarmanns kemur síðan sá frambjóðandi sem fékk flest atkvæði af þeim sem ekki náðu kjöri og er af því kyni sem hallar á.

Í 2. mgr. 15. gr. samþykktu VÍS segir að hluthafafundur kjósi stjórn með hlutfallskosningu til eins árs í senn. Samkvæmt 7. mgr. 63. gr. hfl. getur minnihluti hluthafa krafist þess að beitt verði margfeldiskosningu við kjör stjórnarmanna félagsins.

Minnihlutaverndinni er ætlað að veita minnihlutunum aukinn möguleika á að koma sínum fulltrúum í stjórn. Sé hlutfalls- eða margfeldiskosningu beitt geta hluthafar sem ráða yfir um það bil 17% atkvæða skipt atkvæðum sínum þannig að þeir séu öruggir með að fá einn stjórnarmann kjörinn í fimm manna stjórn og þeir sem ráða yfir 35% atkvæða geta verið öruggir með að fá einn stjórnarmann kjörinn í þriggja manna stjórn. Hluthafar sem ráða yfir rúmlega 1/3 atkvæða geta skipt atkvæðum sínum þannig að þeir geti verið öruggir með að fá tvo stjórnarmenn kjörna í fimm manna stjórn.

Kjör minnihlutans getur því með hlutfalls- eða margfeldiskosningu haft þau áhrif að samsetning stjórnar sé ekki eins og lög eða reglur gera ráð fyrir, t.d. hvað varðar lögbundin kynjahlutföll stjórnar. Sé tekið mið af þessu er hættu á að óbreytt fyrirkomulag samþykktu VÍS geti skapað vandræði í framkvæmd m.t.t. samspils ákvæða hlutafélagalaga um kynjahlutföll og minnihlutavernd.

Auk þessa er ákveðin hættu fyrir hendi sé stuðst við óbreytt orðalag að nýkjörin stjórn félagsins endurspegli ekki atkvæði hlutafundar félagsins enda gerir ákvæðið ráð fyrir að sá er fæst atkvæði hlaut af þeim sem kjörnir voru skuli víkja fyrir þeim sem fékk flest atkvæði af þeim sem ekki náðu kjöri og er af því kyni sem hallar á.

Tillagan að breytingum gerir ráð fyrir að stjórnarkjör sem uppfyllir ekki skilyrði 3. mgr. 15. gr. núgildandi samþykktu félagsins og þar með ekki 1. mgr. 63. gr. hfl. skuli teljast ógilt. Þegar það gerist er lagt til að félagið endurtaki stjórnarkjör, að því marki sem nauðsynlegt er, á sama hluthafafundi, þegar upplýsingar um ófullnægjandi niðurstöður stjórnarkjörs liggja fyrir. Endurtaka skal stjórnarkjörið með sama hætti, svo oft sem þarf, þar til kynjahlutföllum er náð. Til að útrýma öllum vafa um það að starfandi stjórn félagsins sitji áfram er lagt til að orðalag þess efnis verði tekið upp í samþykktir félagsins.

Í stað þess að endurtaka stjórnarkjör margsinnis á hluthafafundi þar sem stjórnarkjör fer fram er einnig möguleiki að fresta stjórnarkjöri til framhaldsfundar, sem haldinn yrði innan skamms tíma. Sé þessi leið farin gefst kostur til þess að óska eftir framboðum að nýju í samræmi við ákvæði samþykktu um framboð til stjórnar, en skv. 4. mgr. 15. gr. samþykktu VÍS er kveðið á um að framboð til stjórnar skuli liggja fyrir a.m.k. 5 dögum fyrir hluthafafund þar sem stjórnarkjör fer fram. Ljóst er að ef ekki næst að kjósa lögmæta stjórn á hluthafafundi kunna forsendur fyrir stjórnarkjöri að breytast sem rétt getur verið að gefa hluthöfum og frambjóðendum til stjórnar svigrúm til að meta stöðuna.

## **27. gr. Félagsslit**

Nú þykir ráðlegt eða nauðsynlegt að slíta félaginu og fer þá um tillögur þar að lútandi samkvæmt XIII. kafla hlutafélagalaga og ákvæðum laga um váttryggingastarfsemi.

### Greinargerð:

Tekin er út tilvísun til tiltekinnar greinar í lögum um váttryggingastarfsemi.